


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2012

Rekstur	Samstæða 2012	Samstæða 2011	Samstæða 2010	Samstæða 2009	Samstæða 2008
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur	9.393,9	8.451,2	7.601,5	7.120,4	6.605,2
Aðrar tekjur	52,5	57,5	34,5	35,1	77,7
Vöru- og umbúðanotkun	(4.903,0)	(4.343,5)	(4.127,0)	(3.939,0)	(3.448,3)
Laun og tengd gjöld	(1.980,0)	(1.818,4)	(1.625,9)	(1.570,0)	(1.593,1)
Annar rekstrarkostnaður	(1.583,0)	(1.422,5)	(1.416,2)	(1.256,5)	(1.142,1)
Afskriftir	(288,2)	(291,6)	(270,3)	(279,1)	(374,3)
Rekstrarhagnaður	692,2	632,7	196,6	110,9	125,1
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	29,0	39,9	24,4	6,5	0,1
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(170,9)	731,0	(41,8)	261,7	(1.840,6)
Hagn. (tap) fyrir skatta	550,3	1.403,6	179,2	379,1	(1.715,4)
Tekjuskattur	(87,2)	(224,4)	7,2	32,7	160,4
Hagnaður (tap) ársins	463,1	1.179,2	186,4	411,8	(1.555,0)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	973,0	905,9	462,2	384,5	485,0
Efnahagur	31.12.12	31.12.11	31.12.10	31.12.09	31.12.08
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	3.519,0	3.503,2	3.618,1	3.769,0	3.922,1
Veltufjármunir	2.788,5	2.392,9	2.001,8	2.369,7	2.325,7
Eignir samtals	6.307,5	5.896,1	5.619,9	6.138,7	6.247,8
Eigið fé	3.139,7	2.710,9	1.547,0	1.383,2	1.005,9
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	462,9	431,7	435,8	437,4	439,2
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.433,1	2.394,0	2.515,4	2.991,8	3.854,8
Skammtímaskuldir	734,7	791,2	1.557,5	1.763,7	1.387,1
Skuldir samtals	3.167,8	3.185,2	4.072,9	4.755,5	5.241,9
Eigið fé og skuldir samtals	6.307,5	5.896,1	5.619,9	6.138,7	6.247,8
Kennitölur					
EBITDA	980,4	924,3	466,9	390,0	499,4
Innra virði	6,8	6,3	3,5	3,2	2,3
Veltufjárhlutfall	3,8	3,0	1,3	1,3	1,7
Eiginfjárhlutfall	50%	46%	28%	23%	16%
Ársverk					
Unnin ársverk	420	414	416	435	437



Reykjavík, 19. febrúar 2013.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma ársins 2012

- **Tekjur ársins 9.394 mkr. en 8.451 mkr. árið 2011.**
- **463 mkr. hagnaður á árinu á móti 1.179 mkr. árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 980 mkr. en 924 mkr. árið 2011.**
- **Eiginfjárlutfall 50% í árslok 2012 en 46% árið áður.**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykjararði hf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á árinu 2012 var 463 mkr. skv. rekstrarreikningi. Árið áður var 1.179 mkr. hagnaður en þá voru gengistryggð lán félagsins leiðrétt. Eigið fé er 3.140 mkr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 50%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 9.394 mkr. árið 2012, en 8.451 mkr. árið áður og hækka því um 11%. Aðrar tekjur voru 53 mkr en 58 mkr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 4.903 mkr. en 4.344 mkr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um tæp 9%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um rúm 11% og afskriftir lækkuðu um rúmt 1%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 692 mkr., en 633 mkr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 980 mkr. en var 924 mkr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 171 mkr., en fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 731 mkr. árið áður. Leiðrétting gengistaps lána og vaxta nam 1.027 mkr. á árinu 2011 og var hún tekjufærð meðal fjármagnsliða og skattaáhrif 205 mkr. færð til gjalda meðal skatta í rekstrarreikningi. Gengishagnaður nam 8 mkr. samanborið við 129 mkr. gengistap árið áður.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 29 mkr. en árið áður um 40 mkr. Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 87 mkr. en reiknaður tekjuskattur var til tekna að fjárhæð 224 mkr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 463 mkr. en 1.179 mkr. árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 973 mkr. árið 2012 samanborið við 906 mkr. árið 2011. Heildareignir Sláturfélagsins 31. desember 2012 voru 6.308 mkr. og eiginfjárlutfall 50% en 46% árið áður. Veltufjárlutfall var 3,8 árið 2012, en 3,0 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 378 mkr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 167 mkr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 11 mkr. og einnig var seldur 30% eignarhluti í Ísfugli ehf. og hafði salan um 48 mkr. jákvæð áhrif á rekstur félagsins á síðari árshefningi 2012.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2012 var í aprílmánuði greiddur 15,2% arður af B-deild stofnsjóðs alls 27 mkr. og reiknaðir 15,2% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 38 mkr.

Stjórn Sláturfélagsins samþykkti á stjórnarfundum í dag að hafa sem viðmiðun að greiða samtals einn þriðja af afkomu móðurfélagsins af reglulegri starfsemi eftir skatta og fyrir reiknaða hlutdeild í afkomu dótturfélags og hlutdeildarféлага til eigenda og félagsmanna. Ef jafna þarf tap eða leggja framlög í lögbundna sjóði kemur það til frádráttar. Þessi þriðjungur skiptist í arð þ.m.t. arð vegna verðbóta til B deildar, vexti til A deildar og uppbót á afurðaverð liðins árs. Arður til B deildar og vextir á A deild greiðast skv. samþykktum félagsins en það sem á vantar að þriðjungur af afkomu sé náð verður greitt sem uppbót á afurðaverð. Með þessum hætti er ætlunin að tengja enn betur en verið hefur ávinning bænda sem skipta við félagið við afkomu félagsins er vel gengur.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundum í dag. Á stjórnarfundinum var ákveðið að greiða þann 22. febrúar n.k. af hagnaði ársins 2,8% uppbætur á afurðaverð vegna innleggs á árinu 2012, alls 47 mkr.

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti.



Aðalfundur

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 22. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 14,5% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarþáttur 4,5%, alls 26,1 mkr. og reiknaðir 7% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 19,8 mkr.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er mjög sterk með 50% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 3,8. Sala á eignarhlut í Ísfugli á árinu 2012 styrkti lausafjárstöðu félagsins enn frekar. Endurfjármögnun langtímaskulda félagsins á árinu 2011 hefur jákvæð áhrif á fjármagnsliði samstæðunnar til lengri tíma auk þess sem árleg greiðslubyrði lána er lág miðað við greiðslugetu félagsins.

Aðhald í rekstri og fjárfestingum hefur skilað sér í bættri afkomu og góðri fjárhagsstöðu félagsins. Til að styrkja enn frekar stöðu félagsins er nauðsynlegt að beita áfram aðhaldi í rekstri auk þess að nýta vel tækifæri til vaxtar með vöruþróun og aukinni sókn á markaði fyrir vörur félagsins.

Innanlandssala kjöts hefur verið vaxandi undanfarin ár og má þakka það viðsnúningi í þjóðfélaginu og auknum fjölda ferðamanna. Gert er ráð fyrir að innanlandssala kjöts aukist um 4-5% á árinu. Á erlendum mörkuðum eru aðstæður mjög misjafnar. Í heild er verðlækkun umfram verðhækkun sem stafar af lækkun í krónum. Sala til Asíu og Rússlands er mjög vaxandi og von til þess að í vor verði lokið fríverslunarsamningi við Kína sem skapar mikil tækifæri til aukinnar sölu á verðmesta hluta lambakjötsins svo og aukaafurðum.

Rekstrarskilyrði kjötiðnaðar bötnuðu á árinu þar sem dregið hefur úr kostnaðarhækkunum á erlendum rekstrarvörum. Horfur hafa þó versnað vegna veikingar krónunnar á síðari hluta ársins 2012. Sterk staða lykil vörumerkja ásamt vöruþróun skapa þó áframhaldandi skilyrði til vaxtar og bættrar afkomu.

Matvöruhluata innflutningsdeildar hefur tekist vel að viðhalda sterkri stöðu í helstu vöruflokkum innfluttrar matvöru. Tekist hefur að koma á nýjum viðskiptasamböndum sem gefa möguleika til vaxtar á næstu árum. Sala á tilbúnum áburði til bænda er vaxandi hluti í starfsemi félagsins ásamt innflutningi á kjarfnfóðri. Aukin áhersla á helstu búrekstrarvörur bænda skapa skilyrði til sóknar á þeim markaði.

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is